

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 47. stjórnarfundar 16. október, 2024 kl. 15:00 – 15:50.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Óskar Józefsson.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lís Davíðsdóttir sátu fundinn.

Fundurinn fór fram á Teams.

## Dagskrá fundar:

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Í upphafi fundar gerði framkvæmdastjóri grein fyrir ákvörðun Grindavíkurnefndar um opnun bæjarins. Einnig sagði hann frá ráðningu nýs starfsmanns hjá félaginu sem mun verða umsjónarmaður fasteigna í Grindavík og hafa aðsetur þar.

### 2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á sjö umsóknum um sölu á íbúðarhúsnæði.

Kaup á fjórum eignum voru samþykkt.

Tvær umsóknir voru ekki taldar uppfylla skilyrði laganna og ákveðið var að umsækjendum yrði boðuð höfnun á umsókn og gefinn kostur á að andmæla þeirri niðurstöðu áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Ein umsókn taldist þurfa nánari skoðun áður en hægt er að taka ákvörðun um framhald afgreiðslu.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 3. Staðfesting á ákvörðunum á milli funda.

Farið var yfir tvö frávik í fyrri ákvörðunum stjórnar sem staðfest voru á milli funda í tölvupóstsamskiptum. Eftirfarandi ákvarðanir voru staðfestar.

- Ákvörðun um kaupverð á altjónshúsi, þar sem kaupverð var nokkru hærra en áætlað var á stjórnarfundum 30.9.2024.
- Ákvörðun um kaup á fasteign frá 10.5.2024, en skráning eignarinnar hefur breyst með fjölgun fermetra og hækkun brunabótarmats.
- Breytingarnar voru skráðar í vinnuskjal stjórnar.

## Önnur mál

Næsti fundur verður 24. október kl. 13-15. Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:50.

Óskar Józefsson  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Hermann Hermannsson  
Dagný Lís Davíðsdóttir